**2024/EES/92/31**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 212/2024**

**frá 23. september 2024**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn"), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/796 frá 4. mars 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 650/2014 að því er varðar upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld skulu birta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]).

2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14j (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 650/2014) í IX. Viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 0796**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/796 frá 4. mars 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/796, 8.3.2024)."

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/796, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Anders H. Eide***

formaður

([1]) Stjtíð. ESB L, 2024/796, 8.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/796/oj
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.